



Kópavogsbær
B/t Ásdís Kristjánsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur 29. október 2024

Málefni: Kópavogsblótið 2024 (24.janúar í Kórnum)

Eins og kunnugt er hafa stóru íþróttafélögin í Kópavogi staðið að sameiginlegu Kópavogsblóti síðastliðin 6 ár. Undirrituð félög leggja gríðarlega mikinn metnað í blótið og hefur þessi viðburður nú þegar fest sig rækilega í sessi í hjá íbúum Kópavogs. Við teljum hann að sama skapi hafa mikið menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið og samfélagið í heild. Mikil eftirvænting er fyrir blótinu og ávallt hefur framkvæmdin gengið mjög vel og blótið fengið jákvæða og góða umfjöllun ár hvert. Félögin leggja til mikla vinnu við að láta Kópavogsblótið verða jafn glæsilegt og raun ber vitni á sem hagkvæmastan hátt en á sama tíma skiptir þetta sköpum í fjáröflun félaganna. Vegna mikilla verðhækkana hefur ágóðinn minnkað undanfarin ár og minna er til skiptanna.

Til þess að blótið verði að veruleika 2025 er gríðarlega mikilvægt að Kópavogsbær komi enn betur að þessum viðburði með stuðningi við félögin til að tryggja að Kópavogsblótið verði að veruleika á bóndadaginn 2025. Við óskum því eftir stuðningi Kópavogsbæjar sem væri fólgin í eftirfarandi þáttum:

- Afnot af íþróttamannvirkinu Kórnum
- Afnot og flutning hlífðargólfs
- Afnot og flutning dansgólfs

Með von um jákvæðar undirtektir og skjót svör.

Virðingarfyllst fyrir hönd félaganna þriggja, Breiðablik, Gerplu og HK

Sandra Sigurðardóttir
Framkv.stj. HK
(rafræn undirritun)

Tanja Tómasdóttir
Framkv.stj. Breiðabliks
(rafræn undirritun)

Olga Bjarnadóttir
Framkv.stj. Gerplu
(rafræn undirritun)